

Kirkjuþing 2021-2022

26. mál – þskj. 42

Fyrri umræða

Frávísunartillaga við tillögu til þingsályktunar um afnám gjaldtöku í áföngum vegna prestsþjónustu þjóðkirkjunnar.

Frá Guðrúnu Karls Helgudóttur, Örnunni Grétarsdóttur, Bryndísi Möllu Elísdóttur, Axeli Árnasyni Njarðvík, Hildi Ingu Rúnarsdóttur, Þuríði Björgu Wíium Árnadóttur, Hreini Hákonarsyni, Gísla Gunnarssyni og Gíslu Jónassyni

Á aukakirkjuþingi 2021 samþykkti kirkjuþing kjarasamning Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu og Prestafélags Íslands eftir að meirihluti presta hafði samþykkt kjarasamninginn í almennri kosningu. Í kjarasamningum kemur fram að *auk fastra launa innheimta prestar þóknun fyrir tiltekin prestsverk. Aðilar eru sammála um að endurskoða þurfi þetta fyrirkomulag.*

Kirkjuþing samþykkti að kjaranefnd kirkjunnar færi með samningsumboð kirkjunnar við PÍ og líta flutningsmenn svo á að aukaverkin séu inn í því umboði. Flutningsmenn leggja áherslu á að endurskoðun á fyrirkomulagi aukaverka presta fari fram á réttum vettvangi. Mikilvægt er að endurskoðunin leiði ekki til skertrar þjónustu heldur að áfram verði tryggð framúrskarandi þjónusta kirkjunnar í fjölbreyttu samfélagi.

Lagt er til að tillögunni verði vísað frá kirkjuþingi og kjaranefnd sé treyst fyrir verkefni sínu.

Meðfylgjandi er greinagott lögfræðialit frá Láru V. Júlíusdóttur sem unnið var fyrir Prestafélag Íslands.